

## Nefndarálit

um frv. til 1. um breyt. á 1. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneytinu. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá Samtökum iðnaðarins, Félagi löggiltira endurskoðenda og Verslunarráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem snerta ákvæði um ársreikninga, vegna þróunar í löggjöf um ársreikninga, en auk þess er lagt til að ákvæði um samlagshlutafélög verði færð úr lögum um einkahlutafélög í lög um hlutafélög.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 2003.

Einar K. Guðfinnsson,  
form., frsm.

Kristinn H. Gunnarsson.

Árni R. Árnason.

Hjálmar Árnason.

Adolf H. Berndsen.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Össur Skarphéðinsson.

Ögmundur Jónasson.